

**FRÁSÖGN**

*af fundi stjórnarnefndar Evrópuráðsþingsins í París 16. mars 2016*

Rósa Björk Brynjólfsdóttir, formaður Íslandsdeildar Evrópuráðsþingsins, sótti fundinn auk Bylgju Árnadóttur, alþjóðaritara. Á dagskrá var ályktun um jafnrétti og meðlög með börnum auk yfirlýsingar um stuðning þingsins við Mannréttindadómstólinn.

Í upphafsávarpi sínu sagði Michele Nicoletti, forseti Evrópuráðsþingsins, uggandi vegna stöðu fjölmiðlafólks í Evrópu. Í október 2017 hefði maltneska blaðakonan Daphne Caruana Galizia verið myrt. Hann hefði sjálfur fundað með sonum hennar og fullvissað þá um að Evrópuráðsþingið myndi starfa í þágu fjölmiðlafrelsis. Í febrúar hefði svo slóveski blaðamaðurinn Ján Kuciak verið myrtur ásamt kærustu sinni. Nicoletti sagði þingið verða að fordæma þessar árásir með skýrum hætti.

Guido Raimondi, forseti Mannréttindadómstólsins, ávarpaði fund stjórnarnefndar. Hann lýsti ánægju sinni með að fá í fyrsta sinn tækifæri til að taka þátt í umræðum með fulltrúum stjórnarnefndar þingsins. Raimondi sagði dómstólinn verja Evrópubúa fyrir einræði og bæta líf þeirra á áþreifanlegan hátt. Hann varaði við því að gera of mikið úr umræðu um deilur um Mannréttindadómstólinn. Dómstóllinn hefði aldrei siglt lygnan sjó og ávallt hefðu verið uppi raddir um skerðingu fullveldis aðildarríkjanna. Stundum þyrfti dómstóllinn að úrskurða í viðkvæmum pólitískum málum en hann þyrfti samt að reyna að halda hlutleysi sínu. Mannréttinasáttmálann þyrfti að aðlaga og túlka í ljósi breyttra samfélagsaðstæðna. Í yfirferð sinni yfir málástöðu Mannréttindadómstólsins sagði Raimondi dómstólinn vera fórnarlamb eigin velgengni. Fjöldi mála færi vaxandi og mikilvægt væri að finna skilvirkar leiðir til að draga úr fjölda mála í bið. Raimondi sagði Evrópuráðsþingið mynda brú á milli dómstólsins og þjóðþinga aðildarríkjanna. Hann benti einnig á að í þjóðþingum sínum gegndu þingmennirnir mikilvægu hlutverki við innleiðingu dóma Mannréttindadómstólsins. Um 95% af dómum Mannréttindadómstólsins kæmu til framkvæmdar.

Stjórnarnefnd þingsins samþykkti yfirlýsingu í nafni þingsins um orðræðu Dana í Evrópuráðinu um mannréttindamál í Evrópu, en Danir gegna formennsku í ráðinu um þessar mundir. Þingið lýsir því yfir að neikvæð orðræða Dana gagnvart mannréttindastofnunum Evrópu grafi undan vernd mannréttinda í álfunni. Í yfirlýsingu Dana í tengslum við ráðstefnu um mannréttindamál sem halda á í apríl sé efast um að þau réttindi sem vernduð séu í mannréttinasáttmálanum séu algild. Einnig sé dregið í efa sjálfstæði Mannréttindadómstólsins og valdsvið hans, réttur dómstólsins til að túlka og aðlaga mannréttinasáttmálann og skilyrðislaus skylda aðildarríkja til að framfylgja dómum dómstólsins. Þingið álitur að ráðherranefndin ætti að einbeita sér að því að minnka álag á Mannréttindadómstólinn og að það álag skýrist helst af takmarkaðri innleiðingu mannréttinasáttmálans í mörgum aðildarríkjum.

Í ályktun um jafnrétti og meðlög með börnum hvatti þingið aðildarríkin til að koma upp meðlagsgreiðslukerfi til að tryggja tímanlega greiðslu meðlags til einstæðra foreldra. Þegar meðlagsgreiðandi greiðir ekki meðlag ætti ríkið að greiða meðlagið og sækja greiðslur til greiðanda síðar. Einnig þyrfti að auka samstarf milli ríkja þegar um væri að ræða meðlagsgreiðslur milli landa. Í skýrslu jafnréttisnefndar kom fram að fjölskyldumynstur hefði þróast í Evrópu á undanförunum áratugum með þeim afleiðingum að þeim börnum fjölgaði sem ælust upp hjá öðru foreldri sínu. Meirihluti einstæðra foreldra væri kvenkyns og í ljósi þeirrar staðreyndar þyrfti að skoða meðlagsgreiðslur út frá jafnréttissjónarmiðum. Aðildarríki Evrópuráðsins voru hvött til þess að fullgilda og innleiða Haag-sáttmálann frá árinu 2007 um

meðlagsgreiðslur. Einnig voru þau hvött til þess að taka upp viðurlög við því að hundsa meðlagsgreiðslur og að láta það varða við hegningarlög þegar meðlagsgreiðslum væri haldið eftir í þeim tilgangi að valda börnum eða foreldrum þeirra sálfræðilegu tjóni.

Stjórnarnefnd samþykkti að breyta þingsköpum (e. *Rules of Procedure*) til að fjarlægja tyrknesku af lista yfir vinnutungumál Evrópuráðsins. Einnig var reglum breytt þannig að aðeins verði gert ráð fyrir túlkun yfir á vinnutungumál Evrópuráðsins (þýsku, ítölsku og rússnesku) svo fremi að þessi lönd greiði aukið framlag til Evrópuráðsins. Breytingin var gerð til að bregðast við fjárhagsvanda þingsins í kjölfar þess að Rússar hafa haldið eftir greiðslum sínum og Tyrkir hafa óskað eftir því að hætta að greiða aukið framlag. Fulltrúi Tyrklands í þingskapanefnd mótmælti tillögunum og benti á að Tyrkir hefðu boðist til að greiða sjálfir fyrir kostnaðinn við að halda tyrknesku sem vinnutungumáli Evrópuráðsins, óháð ákvörðun tyrkneskra stjórnvalda um að hætta að greiða aukið framlag. Í svari skýrsluhöfundar kom fram að þannig hefði fyrirkomulagið verið áður en Tyrkir juku framlag sitt og þeim væri frjálst að gera það áfram.

Stjórnarnefnd voru einnig kynnt drög að dagskrá aprílfundar Evrópuráðsþingsins. Þinginu hefur borist ósk um að halda sérstaka umræðu um vöxt gyðingahaturs og fordóma gagnvart múslimum í Evrópu. Fulltrúi Bretlands tilkynnti að einnig yrði óskað eftir sérstakri umræðu um efnaárásina í Salisbury.

Samhliða stjórnarnefndarfundu var haldinn fundur sérnefndar um hlutverk og verkefni þingsins (e. *Ad hoc committee on the role and mission of PACE*). Á fundinum voru tillögur landsdeilda varðandi áhersluefni nefndarinnar ræddar.

Nánari upplýsingar fást á <http://assembly.coe.int/> og hjá ritara Íslandsdeildar.